# Fundargerð 296. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 7. maí 2024
**Fundartími:** 16:00-19:15
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við fundargerð fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. undir lið 11. n). Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Ársreikningur Flóahrepps 2023 – Fyrri umræða**
Fyrir liggur ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2023 til fyrri umræðu í sveitarstjórn ásamt drögum að endurskoðunarskýrslu. Friðrik Einarsson endurskoðandi hjá KPMG mætti til fundarins og fór yfir ársreikning Flóahrepps 2023 og endurskoðunarskýrslu 2023. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkri að vísa ársreikningi Flóahrepps 2023 ásamt endurskoðunarskýrslu til síðari umræðu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
2. **Ársreikningur Flóaljóss 2023**
Fyrir liggur ársreikningur Flóaljóss 2023 til kynningar. Ársreikningur Flóasljóss verður tekinn fyrir til samþykktar á næsta fundi sveitarstjórnar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
3. **Fundargerðir skipulagsnefndar**
**Nr. 278, dags. 10.04.2024**
   a) **Flóahreppur og Árborg; Selfosslína 1; Breytt lega loftlínu SE1; Aðalskipulagsbreyting – 2311074**
   Lögð er fram tillaga að breyttu aðalskipulagi Flóahrepps er varðar breytta legu raflínu innan aðalskipulags Flóahrepps og Árborgar eftir kynningu. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í megindráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegar norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Breytingin nær einnig til dreifbýlis í Flóahreppi. Í breyttri tillögu aðalskipulags Árborgar 2020-2036, eftir kynningu, er gert ráð fyrir að strengurinn muni fara í jörðu norðan við Austurveg (var áður við Larsenstræti) frá spennavirkishúsi Landsnets og til norðurs, austan við hreppamörk Flóahrepps. Til skoðunar er, í samráði við Vegagerðina, að strenglega verði þar færð nær nýjum Suðurlandsvegi, þ.e. meðfram hringtorgi því er beinir umferð niður á núverandi hringtorg austast á Austurvegi. Samhliða eru sveitarfélagsmörk innan aðalskipulags Flóahrepps leiðrétt í takt við skilgreind mörk sveitarfélaganna innan aðalskipulags Árborgar. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnin matstilkynning og send til Skipulagsstofnunar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Selfosslínu 1 verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Selfosslínu 1 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að ungangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Stóru-Reykir II L166275; Skilgreining og afmörkun lóðar og byggingarreita; deiliskipulag – 2312058**
Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulag sem tekur til lögbýlisins Stóru-Reykir L166275 í Flóahreppi að lokinni auglýsingu. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda á bæjarhlaðinu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagstillögunar og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðri tillögu.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Stórhólmi L211525; Sameining byggingarreita og flutningur aðkomuvegar; Deiliskipulagsbreyting – 2404007**
Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Stórhólma í Flóahreppi. Í breytingunni felst sameining byggingarreita í einn reit og tilfærsla reitsins vestar í landið auk þess sem gert er ráð fyrir færslu á aðkomuvegi.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Gegnishólapartur 4 L236623; umsókn um byggingarleyfi; Íbúðarhús – 2404018**
Móttekin er umsókn, þ. 05.04.2024, um byggingarleyfi fyrir 48 m2 einbýlishús á íbúðarhúsalóðinni Gegnishólapartur 4 L236623 í Flóahreppi.
*Skipulagsnefnd UTU bendir á að samkvæmt kröfum 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar í lið d skal ekki, utan þéttbýlis, staðsetja íbúðar- eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða verslunar- og þjónustubyggingar. Að mati nefndarinnar telst umsótt bygging til annarra bygginga í skilgreiningu reglugerðarinnar en þó ekki til verslunar- og*

*þjónustubygginga og ætti því að vera staðsett í það minnsta í 50 metra fjarlægð frá skilgreindum héraðsvegi. Nefndin bendir þó á að fyrir liggur undanþága vegna fjarlægðar frá Arnarhólsvegi vegna tveggja íbúðarlóða í landi Syðri-Gegnishóla þar sem byggingarreitir eru skilgreindir í 30 metra fjarlægð frá vegi. Auk þess eru öll hús að Syðri-Gegnishólum töluvert nær vegi nú þegar. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að horfa til þess við útgáfu byggingarheimildar vegna umsótts íbúðarhúss að nú þegar hefur verið veitt heimild fyrir uppbyggingu nær vegi fyrir íbúðarhús á grundvelli undanþágu innviðaráðuneytisins frá 1. september 2022. Mælist nefndin til þess að á þeim grunni verði veitt byggingarheimild með fyrirvara um að húsið verði staðsett a.m.k. í 30 metra fjarlægð frá vegi. Komi til frekari framkvæmda innan lóðarinnar mælist nefndin til þess að unnið verði deiliskipulag sem tekur til framkvæmda innan hennar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að samkvæmt kröfum 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar í lið d skal ekki, utan þéttbýlis, staðsetja íbúðar- eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða verslunar- og þjónustubyggingar. Að mati sveitarstjórnar telst umsótt bygging til annarra bygginga í skilgreiningu reglugerðarinnar en þó ekki til verslunar- og þjónustubygginga og ætti því að vera staðsett í það minnsta í 50 metra fjarlægð frá skilgreindum héraðsvegi. Sveitarstjórn bendir þó á að fyrir liggur undanþága vegna fjarlægðar frá Arnarhólsvegi vegna tveggja íbúðarlóða í landi Syðri-Gegnishóla þar sem byggingarreitir eru skilgreindir í 30 metra fjarlægð frá vegi. Auk þess eru öll hús að Syðri-Gegnishólum töluvert nær vegi nú þegar. Að mati sveitarstjórnar er eðlilegt að horfa til þess við útgáfu byggingarheimildar vegna umsótts íbúðarhúss að nú þegar hefur verið veitt heimild fyrir uppbyggingu nær vegi fyrir íbúðarhús á grundvelli undanþágu innviðaráðuneytisins frá 1. september 2022. Sveitarstjórn samþykkir að veitt verði byggingarheimild með fyrirvara um að húsið verði staðsett a.m.k. í 30 metra fjarlægð frá vegi. Komi til frekari framkvæmda innan lóðarinnar telur sveitarstjórn rétt að skoða gerð deiliskipulags sem tekur til framkvæmda innan hennar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Þjórsárbraut 2, Stórholt – Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2401034**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna lóðarinnar Þjórsárbrautar 2 í landi Stórholts. Samkvæmt núverandi staðfestu aðalskipulagi Flóahrepps er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Er það ósk landeigenda að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt þannig að hluti lóðarinnar Þjórsárbraut 2 (3,21 ha), verði ætlað undir verslun- og þjónustu. Innan reitsins verði heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Ennfremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús s.s gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu. Skipulagslýsing breytingarinnar var í kynningu 8.-29. febrúar 2024.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Nr. 279, dags. 24.04.2024**

a) **Stóra-Ármót L166274; Stækkun skipulagssvæðis og stofnun lóða; Fyrirspurn – 2404051**
Lögð er fram fyrirspurn er varðar heimild til breytingar á deiliskipulagi í land Stóra-Ármóts í Flóahreppi. Í breytingunni felst fjölgun lóða um þrjár.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til breytingar á aðal- og deiliskipulagi svæðisins er varðar aukið umfang þess. Nefndin bendir á að unnið er að heildarendurskoðun aðalskipulags Flóahrepps þar sem unnt væri að taka tillit til framlagðrar beiðni.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til breytingar á aðal- og deiliskipulagi svæðisins er varðar aukið umfang þess. Sveitarstjórn bendir þeim aðilum sem senda inn fyrirspurn að unnið er að heildarendurskoðun aðalskipulags Flóahrepps þar sem unnt væri að taka tillit til framlagðrar beiðni.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Mosató 8 L232389; Fyrirspurn – 2404060**
Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til heimilda fyrir breyttri landnotkun lóðar Mosatóar 8 í Flóahreppi
*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn og vísar málinu til umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn Flóahrepps.*

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltúa að kalla eftir fundi með fyrirspyrjanda þar sem áform um uppbyggingu eru skýrð nánar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 203, dags. 17.04.2024 og nr. 204, dags. 30.04.2024**
Lagt fram til kynningar.

Oddviti tók stutt fundarhlé kl. 17:09-17:15

5. **Hlutverk og framtíðarnotkun í Þingborg, Félagslundi og Gömlu Þingborg**
Skv. bókun sveitarstjórnar frá 5. mars 2024 liggur fyrir minnisblað frá sveitarstjóra þar sem notkun og kostnaður á félagsheimilunum Þingborg og Félagslundi er borin saman á milli áranna 2022 og 2023. Einnig liggja fyrir upplýsingar um leigutekjur og kostnað vegna fasteignarinnar Gömlu Þingborgar fyrir sömu ár. Framkvæmda- og viðhaldsþörf er að lokum listuð upp gróflega fyrir ofangreindar fasteignir.
Rekstrarniðurstaða félagsheimilisins Þingborg er neikvæð um 30,7 milljónir á árinu 2022 og um 36,1 milljón á árinu 2023. Inni í þeirri niðurstöðu er innri leiga eignasjóðs. Raunnotkun í þágu sveitarfélagsins og félagasamtaka innan sveitarfélagsins er reiknuð 2866 klst á árinu 2022 og 2942 klst á árinu 2023. Út frá þeim forsendum má segja að hver nýtt klukkustund í innri notkun kosti 7321 kr á árinu 2022 og 7687 kr á árinu 2023.
Rekstrarniðurstaða félagsheimilisins Félagslundar er neikvæð um 14,8 milljónir á árinu 2022 og um 18,6 milljónir á árinu 2023. Inni í þeirri niðurstöðu er innri leiga eignasjóðs. Raunnotkun í þágu sveitarfélagsins og félagasamtaka innan sveitarfélagsins er reiknuð 122 klst á árinu 2022 og 81 klst á árinu 2023. Út frá þeim forsendum má segja að hver nýtt klukkustund í innri notkun kosti 84.659 kr á árinu 2022 og 138.849 kr á árinu 2023.
Í ljósi lítillar notkunar á Félagslundi og mikils kostnaðar við rekstur hússins telur sveitarstjórn rétt að skoða möguleikann á sölu á fasteigninni og felur sveitarstjóra að fá óháðan aðila til að verðmeta eignina. Einnig leggur sveitarstjórn áherslu á að skipulagsfulltrúi flýti fyrir því að klára lóðamál við Félagslund og Gaulverjabæjarskóla.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Erindi frá Margréti Jónsdóttur f.h. Ullarverslunarinnar Þingborgar ehf.**
Fyrir liggur erindi frá Margréti Jónsdóttur f.h. Ullarverslunarinnar Þingborgar ehf. þar sem hún lýsir yfir áhuga á því að kaupa fasteignina Þingborg eldri, sem er í eigu Flóahrepps, í því ástandi sem fasteignin er í. Einnig vill hún kanna hvort áhugi sé á því hjá sveitarstjórn að selja

lóðina sem fasteignin stendur á. Fasteignin er með landeignanúmer L166285, þ.e. F2201101 (iðnaður, 360,5 m$^2$) og F2271723 (snyrting, 12 m$^2$), og er lóð skráð 1,2 ha. að stærð. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og sýndan áhuga á fasteigninni Þingborg eldri. Ljóst er að sú starfsemi sem fellur undir Ullarverslunina hefur verið í megin hluta hússins frá árinu 1991. Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir yfir áhuga á því að kanna þann möguleika að selja fasteignina Þingborg eldri, án þess þó að lóðin verði seld, enda sé um að ræða kaupanda með starfsemi sem hefur verið lengi í húsnæðinu og stendur til að verði áfram. Húsið mun því áfram standa opið almenningi a.m.k. á meðan núverandi starfsemi er í húsinu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að taka saman sjónarmið og röksemdir fyrir því að selja fasteignina. Að auki er sveitarstjóra falið að leita eftir verðmati frá óháðum fasteignasala og að verðmat taki mið að því að um lóðarleigu verði að ræða samkvæmt lóðarleigusamningi með skilgreindri afmörkun lóðar. Bókun sveitarstjórnar skal send á núverandi leigjendur í húsinu til upplýsinga. Að lokinni skoðun sveitarstjóra á málinu og verðmati fasteignasala, verði báðum leigjendum í fasteigninni gefinn kostur á að gera tilboð í fasteignina, lýsa afstöðu sinni og sýna fram á fjárhagslega getu til mögulegra kaupa. Sveitarstjórn mun síðan vinna úr innsendum gögnum og taka endanlega ákvörðun um hvort gengið verði til samninga um mögulega sölu á eigninni og þá einnig skilmála sölunnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. **Skólaakstur 2024-2025**

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var sveitarstjóra falið að kalla eftir upplýsingum um breytingar á akstursleiðum eða nemendafjölda sem getur haft áhrif á stærð skólabíla í samráði við skólastjórnendur og fræðslunefnd. Sveitarstjóra var jafnframt falið auglýsa eftir aðilum til að taka að sér skólaakstur á komandi skólaári og ganga frá samningum. Auglýst var eftir verktaka í skólaakstur með auglýsingu á heimasíðu Flóahrepps þann 16. apríl 2024. 6 fyrirspurnir bárust vegna auglýsingarinnar en þrír aðilar sendu inn formlega umsókn um verkefnið. Sveitarstjóri og skólastjóri Flóaskóla fóru yfir akstursleiðir og nemendafjölda og niðurstaðan var sú að þörf væri fyrir 19-20 sæta bíl ásamt því að gera samning um 4 sæta bíl sem sinnt hefur akstri hluta af skólaárinu 2023-2024. Sveitarstjóri hefur gengið frá samningi við Gunnar P. Larsen um 19-20 sæta bíl og er samningurinn gerður til þriggja skólaára. Einnig verður gengið frá endurnýjun á samningi við Ragnheiði Ástu Styrmisdóttur um 4 sæta bíl næsta skólaár.

Lagt fram til kynningar.

8. **Íbúafundur í Flóahreppi vegna sameiginlegrar atvinnustefnu**

Fyrir liggur að halda þarf íbúfund fyrir íbúa Flóahrepps í tengslum við gerð sameiginlegrar atvinnustefnu Flóahrepps, Hveragerðis og Sveitarfélagsins Árborgar. Byggðaþróunarfulltrúi neðri hluta Árnessýslu mun sjá um skipulag fundarins í samráði við fulltrúa Flóahrepps í verkefnastjórn um gerð sameiginlegrar atvinnustefnu.
Gerð er tillaga að íbúafundi í Flóahreppi 13. júní kl. 20:00. Fundurinn verður auglýstur betur þegar nær dregur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. **Forsetakosningar 1. júní 2024**

Kosningar til forseta Íslands fara fram laugardaginn 1. júní 2024. Kjörstaður í Flóahreppi verður í félagsheimilinu Félagslundi og verður tímasetning auglýst þegar nær dregur kosningadegi. Kjörskrá fyrir Flóahrepp mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma skrifstofu frá og með 10. maí 2024 til kjördags. Tekið er við utankjörfundaratkvæðum frá kjósanda sem er á kjörskrá í sveitarfélaginu í innsiglaðan atkvæðakassa á skrifstofu Flóahrepps og skal atkvæðið áritað til kjörstjórnar Flóahrepps. Sú breyting hefur orðið með nýjum kosningalögum að sveitarfélög þurfa ekki lengur að samþykkja kjörskrá sveitarfélagsins heldur er það Þjóðskrá Íslands sem gefur út kjörskrá og gerir viðeigandi leiðréttingar á henni.

Lagt fram til kynningar.

10. **Erindi frá Fjarskiptastofu – Ljósleiðarakerfi Flóaljóss**

Fyrir liggur erindi Fjarskiptastofu til sveitarfélagsins Flóahrepps er varðar skoðun eignarhalds á staðbundnum ljósleiðaranetum í eigu sveitarfélaga og óskar Fjarskiptastofa eftir upplýsingum um hvort haft hafi verið samband við sveitarfélagið í þeim tilgangi að óska eftir kaupum eða

langtímaleigu á ljósleiðaraneti sveitarfélagisns og afstöðu sveitarfélagsins til slíkrar ráðstöfunar. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið hyggist að eigin frumkvæði auglýsa ljósleiðaranet sveitarfélagsins til sölu.
Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ekki fengið sendar óskir um kaup eða langtímaleigu á ljósleiðaraneti sveitarfélagsins og hyggst ekki að svo stöddu skoða sölu eða langtímaleigu á ljósleiðarakerfinu. Sveitarstjórn hefur engin áform um að auglýsa ljósleiðaranet sveitarfélagsins til sölu. Sveitarstjórn felur verkefnastjóra Flóaljóss að svara erindinu en frestur til að svara er gefinn til 15. maí n.k.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**11. Fundargerðir:**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 295, dags. 08.04.2024

b) Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 10, dags. 17.04.2024
Varðandi lið 3 í fundargerð þá óskar sveitarstjórn eftir því að íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd geri drög að reglum um val á íþrótta- eða afreksfólki Flóahrepps í samráði við sveitarstjóra. Reglur verði svo lagðar fyrir í sveitarstjórn til staðfestingar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Fræðslunefndar nr. 150, dags. 23.04.2024

d) Sveitarstjórn fagnar jákvæðum niðurstöðum úr starfsmannakönnun í Flóaskóla sem lögð var fyrir nýlega en könnunin kemur vel út í nánast öllum þáttum.

Varðandi lið 8 í fundargerð þá þakkar sveitarstjórn Flóahrepps fyrir þær upplýsingar sem foreldraráð, leikskólastjóri og fræðslunefnd hafa tekið saman. Foreldraráð Krakkaborgar stóð fyrir foreldrafundi þann 19. mars og sendi leikskólastjóri upplýsingar á foreldra fyrir þann fund. Eftir fund var send út könnun á foreldra í Krakkaborg og bárust alls 23 svör frá foreldrum. 22. apríl sendi foreldraráð Krakkaborgar erindi á fræðslunefnd þar sem lagðar eru til þær breytingar að leikskóli verði lokaður á sama tíma og haust- og vetrarfrí er í Flóaskóla, lokað í dymbilviku og á milli jóla og nýárs. Miðað við drög að skóladagatali næsta skólaárs leysir þetta 10 daga í vinnutímastyttingu en á ársgrundvelli á starfsmaður í 100% starfi rétt á 24 dögum í styttingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur mikilvægt að halda uppi þeirri góðu þjónustu sem verið hefur undanfarin ár og samþykkir að opnunartími leikskólans Krakkaborgar verði óbreyttur frá fyrri skólaárum þ.e. að ekki verði lokað í haust- og vetrarfríum, milli jóla og nýárs og í dymbilviku en farin verði sú leið að skilgreina skáningardaga á ofangreindum dögum í skóladagatali. Vinnutímastytting er þá útfærð í samræmi við fjölda barna á þessum dögum. Sveitarstjórn samþykkir að fella niður leikskólagjöld og fæðisgjöld ef barn er ekki skráð á skilgreindum skráningardögum. Sveitarstjórn felur leikskólastjóra að skila inn uppfærðu skóladagatali með skráningardögum til fræðslunefndar fyrir næsta fund fræðslunefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 21, dags. 24.04.2024
Varðandi lið 3 b) þá leggur sveitarstjórn Flóahrepps áherslu á að framkvæmdir við Ruddakrók verði kláraðar sem allra fyrst til að tryggja ásættanlegan vatnsþrýsting á kerfinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 f) þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra og Berki Brynjarssyni ráðgjafa í vatnsveitumálum í Flóahreppi að ganga frá verksamningi við landeigendur í Huldu- og Maríuhólum um framkvæmd sem snýr að vatnsveitu innan skipulagssvæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Umhverfis- og samgöngunefndar dags. 18.04.2024
Varðandi lið 3. þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að opnir hreinsunardagar verði dagana 13.-17. maí og að þá hafi íbúar, atvinnurekendur og aðrir fasteignaeigendur í Flóahreppi kost á að fara með úrgang í Hrísmýri á Selfossi án þess að nýta klippikort eða að rukkað sé fyrir úrgang. Sveitarstjóra falið að vekja athygli á opnum hreinsunardögum á næstu dögum á vefmiðlum Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.
Varðandi lið 4 í fundargerð þá stendur til að funda með svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Suðurlandi þann 8. maí. Sveitarstjórn ásamt formanni umhverfis- og samgöngunefndar hefur verið boðið á þann fund.
Varðandi lið 5 í fundargerð þá þakkar sveitarstjórn fyrir ábendingar um íbúafund í mars 2024 og mun passa framvegis uppá að allir nefndarmenn sveitarfélagsins fái sérstakt boð um íbúafundi innan sveitarfélagsins.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 17, dags. 05.03.2024, nr. 18, dags. 19.03.2024 og nr. 19, dags. 05.04.2024
h) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 108, dags. 10.04.2024
i) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 15.04.2024 ásamt ársreikningi vegna 2023
j) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 70, dags. 21.03.2024 og nr. 71, dags. 08.04.2024
k) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 325, dags. 16.04.2024
l) Stjórnar Bergrisans nr. 71, dags. 18.03.2024
m) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 947, dags. 19.04.2024
n) 32. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. dags. 09.04.2024 ásamt ársreikningum 2023 hjá eftirfarandi: Héraðsnefnd, Héraðsskjalasafn, Listasafn Árnesinga, almannavarnir Árnessýslu
o) Fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. nr. 3, dags. 30. apríl 2024
Varðandi lið 1 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagðar reglur um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Varðandi lið 2 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagðar reglur um stuðningsþjónustu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Varðandi lið 3 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagðar breytingar á hækkun á tekju- og eignamörkum um sérstakan húsnæðisstuðning og að hún taki gildi frá 1. maí 2024.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

**12. Efni til kynningar**

a) Auglýsing um staðfestingu stofnsamnings fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.
b) Frá íbúum við þjóðveg 311 – Áskorun til Vegagerðarinnar Suðursvæði
Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir áskorun íbúa við þjóðveg 311 til Vegagarðarinnar
Samþykkt með 5 atkvæðum.
c) Frá Óbyggðanefnd – Þjóðlendumál: eyjar og sker, málsmeðferð
d) Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um áform um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun
e) Faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál – Starfsáætlun
f) Svarbréf frá Flóaljósi vegna áformakönnunar Fjarskiptastofu
g) Orlof húsmæðra 2024
h) Erindi til Landsvirkjunar frá Sveitarfélaginu Árborg, Flóahreppi og Grímsnes- og Grafningshreppi – ósk um aðkomu Landsvirkjunar að verkefni í sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi
i) Aukaaðalfundur SASS 7. júní í Vestmannaeyjum
Fulltrúar Flóahrepps á aukaaðalfund SASS eru Árni Eiríksson, Walter Fannar Kristjánsson og Hjalti Guðmundsson. Að auki á sveitarsjóri seturétt á fundinum.
j) Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 7. maí 2024 ásamt ársreikningi og samþykktum
k) Nýsköpunardagur hins opinbera 15. maí 2024
l) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar mál nr. 899; tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi

m) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar mál nr. 900; frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku)
n) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar mál nr. 930; mál til umsagnar, Lagareldi
o) Næsti fundur sveitarstjórnar verður aukafundur vegna seinni umræðu ársreiknings 2023 og verður hann haldinn þann 14. maí kl. 16:00 í Þingborg

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*

*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

Landskerfi bókasafna

**Fundargerð aðalfundar 2024**

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2024 var haldinn í húsakynnum félagsins að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, 7. maí 2024 kl. 11:00. Mættir voru fulltrúar 13 hluthafa sem eiga 83.78 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, fundarstjóra og Stefaníu Gunnarsdóttur, ritara. Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið til fundarins boðað og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.

2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn. Ársreikningurinn var samþykktur einróma.

3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:
   - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), aðalmaður.
   - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059), aðalmaður.
   - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269), aðalmaður.
   - Árni Konráð Bjarnason (kt. 130459-6179), aðalmaður.
   - Guðmundur Axel Hansen (kt. 160577-4879), varamaður.
   - Stefanía Gunnarsdóttir (kt. 311071-5219), varamaður.

   Þessir eru réttkjörnir til stjórnar. Þá var gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörinn endurskoðandi og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Lagt er til að hagnaður af rekstri ársins 2023 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og fyrirliggjandi ársreikningi. Samþykkt einróma.

5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2025 hækki um 3,5% og verði því kr. 37.204 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 11.45.

Erla S. Árnadóttir

Stefanía Gunnarsdóttir

# 72. stjórnarfundur Bergrisans bs

22.04.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir og Elliði Vignisson.
Úr Þjónusturáði voru Svava Davíðsdóttir, Sigþrúður Birta Jónsdóttir og Anný Ingimarsdóttir.
Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.
Gestur undir fyrsta lið var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

## Dagskrá

### 1. Skaftholt

Íris og Steinunn Erla fóru yfir tilkynningu sem snýr að málefnum íbúa í Skaftholti og upplýstu um ferli málsins hingað til. Stjórn Bergrisans undirstrikar mikilvægi þess að tryggja réttindi og öryggi íbúa í búsetuúrræðum á starfssvæði Bergrisans sem og að tryggð sé eðlileg málsmeðferð með hagsmuni allra aðila að leiðarljósi.

Ellý Þorsteinsdóttir hefur verið fengin til að fara í almennt eftirlit í öllum stofnunum á vegum Bergrisans bs og ákveðið er að hún byrji á Skaftholti.

### 2. Fundargerðir Þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður Þjónusturáðs kynnir fundargerð Þjónusturáðs númer 179.

Liður tvö í fundargerð Þjónusturáðs er lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu.

#### 2a. Beiðni um þjónustu 105466

Þjónusturáð leggur til að samþykkt verði beiðni Árnesþings um framlag vegna þjónustu að 40 klst. á mánuði. Kostnaðarþátttaka Bergrisans er 243.440 eða 2.921.280 á ársgrundvelli.

Stjórn samþykkir beiðnina.

### 2b. Beiðni um þjónustu 105467

Þjónusturáð leggur til að samþykkt verði beiðni Árnesþings um framlag vegna þjónustu að 40 klst. á mánuði. Kostnaðarþátttaka Bergrisans er 243.440 eða 2.921.280 á ársgrundvelli.

Stjórn samþykkir beiðnina.

## 3. Ársreikningur Bergrisans bs 2023

Lagður var fram ársreikningur Bergrisans fyrir árið 2023 til skoðunar og samþykktar.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

## 4. Önnur mál

Verkefnastjóri upplýsti um Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Upplýst var um stöðu mála í Nauthaga – stefnt að opnu húsi fljótlega í maí.

Upplýst að búið er að ganga frá undirritun á samningi við Sólheima.

Skrifstofustjóri upplýsti um stofnun nýrrar sameignar, aðgangsstýringar og skjalavistunaráætlun.

Fundi slitið klukkan 14:43.

## Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Undirritað af:
Fjóla Steindóra
Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 03.05.2024
Tími: 11:31:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2aab7536-
a050-46f7-a133-
909abfd70130

Anton Kári Halldórsson

Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 06.05.2024
Tími: 15:24:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2aab7536-
a050-46f7-a133-
909abfd70130

Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 06.05.2024
Tími: 13:14:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2aab7536-
a050-46f7-a133-
909abfd70130

Elliði Vignisson

Undirritað af:
Elliði Vignisson
2804695649
Dags: 06.05.2024
Tími: 09:06:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2aab7536-
a050-46f7-a133-
909abfd70130

Sandra Sigurðardóttir

Undirritað af:
Sandra Sigurðardóttir
0602834949
Dags: 03.05.2024
Tími: 11:06:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2aab7536-
a050-46f7-a133-
909abfd70130

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**235. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn mánudaginn 6. maí 2024 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## 1. Starfsleyfi, skráning, tóbakssöluleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

### a) Starfsleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2405004HS | Starfsleyfi endurnýjun | Iceland inn travel ehf. -Visit Vikings - Þjóðveldisbærinn Búrfelli og söluturn | 804 | 06.05.2024 |
| 2405005HS | Starfsleyfi ný starfsemi | 28 ehf. - Snyrtistofan Vera | 810 | 06.05.2024 |
| 2405006HS | Starfsleyfi tímabundin starfsemi | Fjallafang ehf. veitingavagn | 851 | 06.05.2024 |
| 2404148HS | Starfsleyfi, geymslusvæði efnis úr Hörgeyragarði. | Vestmannaeyjabær | 900 | 30.04.2024 |
| 2404146HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Broddaborg ehf - Gisting að Mýrarseli 2 | 816 | 30.04.2024 |
| 2404135HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Land og skógur – Tjaldsvæðið Sandártungu | 804 | 29.04.2024 |
| 2404136HS | Starfsleyfi ný starfsemi - tímabundin starfsmannaaðstaða | Suðurverk hf. – Vatnsfellsvirkjun, Ásahreppi | 851 | 29.04.2024 |
| 2404139HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Kololo ehf. – gisting sumarhús | 805 | 29.04.2024 |
| 2404140HS | Starfsleyfi ný starfsemi - veitingar | Pronto Pasta ehf – Mathöll Gróðurhúsinu Hveragerði | 0810 | 29.04.2024 |
| 2404141HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Birdland Iceland ehf. - matvælavagn | 846 | 29.04.2024 |
| 2404143HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Smálönd ehf. - gisting Gaddstaðir lóð 13, Hellu | 851 | 29.04.2024 |
| 2404146HS | Starfsleyfi - ný starfsemi - veitingar | Broddaborg ehf. | 816 | 29.04.2024 |
| 2404145HS | Starfsleyfi ný starfsemi - matvælavagn | Lángos Factory ehf. | 860 | 29.04.2024 |
| 2404131HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Ylfur ehf. Gisting Vetleifsholti | 851 | 24.04.2024 |
| 2404132HS | Starfsleyfi endurnýjun | Gistiheimilið Lambastöðum - Almar Sigurðsson | 803 | 24.04.2024 |
| 2404090HS | Starfsleyfi - fráveitumannvirki | N18 ehf. v/Black Beach Suites | 871 | 16.04.2024 |
| 2404078HS | Starfsleyfi endurnýjun | Hveragerðisbær v/ Íþróttaaðstaða Vorsabæjarvellir | 810 | 15.04.2024 |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2404079HS | Starfsleyfi endurnýjun | Sveitarfélagið Árborg – VISS, Gagnheiði 39 | 800 | 15.04.2024 |
| 2404080HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Kraftfugl ehf. – alifuglabú. | 851 | 15.04.2024 |
| 2404058HS | Starfsleyfi br. á húsnæði | Ísskógar ehf. vegna matvælavinnslu | 801 | 11.04.2024 |
| 2404061HS | Starfsleyfi endurnýjun | Tjaldsvæði í Vík - Vík milli vina ehf | 870 | 11.04.2024 |
| 2404046HS | Starfsleyfi, nýtt - akstursíþróttasvæði | Ungmennafélagið Hekla | 851 | 10.04.2024 |
| 2404047HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Reykholt Hub ehf. - tjaldsvæði og veitingasala Reykholti | 806 | 10.04.2024 |
| 2404040HS | Skráning - ný starfsemi | Sveitarfélagið Árborg - Þjónustuíbúðir f. fatlaða- Nauthaga 2 | 800 | 08.04.2024 |
| 2404034HS | Starfsleyfi - br. á húsnæði | Vatnsveita og gisting - Sauðholt sf. | 806 | 05.04.2024 |
| 2404035HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Elvar Logi Gunnarsson - Secret Cabin Hvítárdalur | 846 | 05.04.2024 |
| 2404027HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Lagabót ehf. - sumarhús | 806 | 04.04.2024 |
| 2404031HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Mörtunga slf. - Iceland Bike Farm | 880 | 04.04.2024 |
| 2404016HS | Starfsleyfi endurskoðun vegna eigendaskipta | Nýbýlaveitan ehf. | 816 | 03.04.2024 |
| 2404007HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Land og skógur vatnsveita Gunnarsholti | 851 | 02.04.2024 |
| 2404008HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Land og Skógur - mötuneyti og starfsmannabúðir Gunnarsholti | 851 | 02.04.2024 |
| 2404009HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Land og skógur - Akurhóll 3 gistiaðstaða | 851 | 02.04.2024 |
| 2403102HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Árbakki hostel - Gesthús Selfossi ehf | 800 | 26.03.2024 |
| 2403096HS | Starfsleyfi eigendaskipti | SHSH ehf. - Ópus Studio Selfossi | 800 | 25.03.2024 |
| 2403097HS | Starfsleyfi endurnýjun | Samkaup hf. - Nettó Selfossi | 800 | 25.03.2024 |
| 2403098HS | Starfsleyfi nýtt húsnæði | Rangárþing eystra VISS, Vinnu- og hæfingarstöð á Hvolsvelli | 860 | 25.03.2024 |
| 2403099HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Katrine ehf - framleiðsla fæðubótarefna | 840 | 25.03.2024 |
| 2403084HS | Starfsleyfi - eigendaskipti | Smagg ehf. - Skálinn Þorlákshöfn | 815 | 21.03.2024 |
| 2403088HS | Starfsleyfi, tímabundið - Borun vinnsluholu NJ-34 á Nesjavöllum | Orka náttúrunnar ohf. | 805 | 21.03.2024 |
| 2403081HS | Starfsleyfi br. á starfsemi | Héraðsskólinn ehf. | 840 | 20.03.2024 |
| 2403071HS | Starfsleyfi nýtt - LavaConcept Iceland ehf. | Fagradalsnáma E14 og efnisvinnsla við Uxafótarlæk - LavaConsept Iceland ehf. | 871 | 18.03.2024 |
| 2403075HS | Starfsleyfi, eigendaskipti | VGO ehf. - Bakarí | 900 | 18.03.2024 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

***Í auglýsingu:***

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Þar sem engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum hafa neðangreind starfsleyfi verið gefin út.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar**

- Landefni ehf., kt. 6510221500, Skógarseli 31, 109 Reykjavík, vegna efnistöku, allt að 30.000 rúmmetrar, úr Minnivallanámu E30 í landi Minni-Valla, 851 Hella, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 9. maí 2024

- Ungmennafélagið Hekla, kt. 5101780849, Fossöldu 4, 850 Hella, vegna akstursíþróttasvæðis við Rangárvallaveg 1, 851 Hella, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 8. maí 2024

- Lavaconcept Iceland ehf., kt. 4710131610, Víkurbraut 16, 870 Vík, vegna efnistöku í Fagradalsnámu E12 og efnisvinnslu við Uxafótarlæk, Fagradal 2, 871 Vík, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 7. maí 2024

- Orka náttúrunnar ohf., kt. 4711190830, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna borunar uppbótar vinnsluholu NJ-34 á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar, Nesjavöllum, 805 Selfossi á tímabilinu 1. júní – 31. desember 2024, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 2. maí 2024

## b) Skráning starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2404124HS | Skráning Púlsinn - Uppsetning og þjónusta á kæli- og frystikerfum | Púlsinn ehf. | 801 | 23.04.2024 |
| 2404039HS | Tímabundin skráning - Niðurrif mannvirkja, bordæluhús Götu | Veitur ohf. - Rangárveita | 860 | 08.04.2024 |
| 2404014HS | Skráning niðurrif asbest | Ingvar Þór Magnússon | 851 | 02.04.2024 |
| 2403087HS | Skráning tímabundin - Niðurrif mannvirkja, Hvanneyri á Sokkseyri | Valborg Valgeirsdóttir | 825 | 21.03.2024 |
| 2404041HS | Skráning - ný starfsemi | Steypey ehf. – steypustöð | 900 | 08.04.2024 |

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknum

## c) Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2405007HS | Tóbakssöluleyfi tímabundið | Fjallafang ehf. - veitingavagn | 851 | 06.05.2024 |

Staðfesting afgreiðslu

## d) Afturköllun / höfnun starfsleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2404100HS | Höfnun starfsleyfis vegna óleyfisframkvæmda á lóð | SG8 ehf. - Ljósafossskóli gisting | 805 | 17.04.2024 |
| 2404137HS | Afturköllun starfsleyfis - færist yfir á Land og Skógur | Skógræktin v/tjaldsvæði Sandártungu | 804 | 29.04.2024 |
| 2404105HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Tjaldsvæðið á Borg, Grímsnesi - Guðmundur Jónsson | 805 | 17.04.2024 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2404094HS | Afturköllun starfsleyfis eigendaskipti | Sumarhús - Króktún - Landssveit | 851 | 16.04.2024 |
| 2404081HS | Afturköllun starfsleyfis eigendaskipti | Brún ehf. - alifuglabú Helluvaði 6 | 850 | 15.04.2024 |
| 2404075HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Landgræðsla ríkisins – Akurholt 2, gisting | 851 | 12.04.2024 |
| 2404074HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Landgræðsla ríkisins – starfsmannaaðstaða Gunnarsholti | 851 | 12.04.2024 |
| 2404073HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Landgræðsla ríkisins – vatnsveita Gunnarsholti | 851 | 12.04.2024 |
| 2404042HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Arcanum Fjallaleiðsögumenn ehf. | 871 | 08.04.2024 |
| 2404032HS | Afturköllun starfsleyfis eigendaskipti | Guðmundur Fannar Markússon Mörtunga - Iceland bike farm | 881 | 04.04.2024 |
| 2404012HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | Hengill Líkamsrækt ehf. - Crossfit Hengill | 810 | 02.04.2024 |
| 2404011HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hættir | Geymslusvæðið ehf. - Tjaldsvæði Eystra Seljalandi | 861 | 02.04.2024 |
| 2404005HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | Heimagisting - Dalbrún 1 - Sigrún Erna Guðjónsdóttir | 801 | 01.04.2024 |
| 2404004HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | Sláturhús Seglbúðum ehf. | 880 | 01.04.2024 |
| 2404003HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Vatnsveita Eystra-Seljalandi, Rang.eystra - Óli Kristinn Ottósson | 861 | 01.04.2024 |
| 2404002HS | Afturköllun starfsleyfis eigendaskipti | Gistiheimilið Flúðum - K31 ehf. | 845 | 01.04.2024 |
| 2404001HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | Sumarhús Akurgerði 2 - Guðmundur Ingvarsson | 816 | 01.04.2024 |
| 2403112HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Steypustöðin ehf. - Vík | 870 | 26.03.2024 |
| 2403110HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | Vatnsból Keldunúpi, Skaftárhreppi | 880 | 26.03.2024 |
| 2403105HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Selið á Stokkalæk ehf Tindasel | 851 | 26.03.2024 |
| 2403104HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | S. Pálma ehf. – Stúdíó Stúdíó S Hárstofa | 800 | 26.03.2024 |
| 2403101HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Norður Nýibær ehf. - Hótel Vos | 851 | 25.03.2024 |
| 2403100HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | REB Bakstur - Rannveig E Bjarnadóttir | 880 | 25.03.2024 |
| 2403094HS | Afturköllun starfsleyfis vegna veitinga og tjaldsvæðis við Faxa | Marta Sonja Gísladóttir - Við Faxa | 806 | 22.03.2024 |
| 2403091HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | Sumarhús Vörðási 9, Bláskógabyggð - Kvörnin ehf. | 806 | 22.03.2024 |
| 2403086HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hætt. | Eyjabakarí - Skálanes sf. | 900 | 21.03.2024 |
| 2403082HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | SKRÚFAN ehf. | 820 | 20.03.2024 |
| 2404137HS | Afturköllun starfsleyfis - færist yfir á Land og Skógur | Skógræktin v/tjaldsvæði Sandártungu | 804 | 29.04.2024 |
| 2404105HS | Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti | Tjaldsvæðið á Borg, Grímsnesi - Guðmundur Jónsson | 805 | 17.04.2024 |

Staðfesting á ofangreindu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

## e) Umsagnir til sýslumanna
## Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
